

## FUNDARGERÐ

**Mánudaginn 30. júlí 2012 kl. 11:00** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi ráðuneytisins á 4. hæð, Sölvhólsögðu 7, Reykjavík.

Í fjarfundarsambandi voru nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir. Elín Gunnarsdóttir, Elín Pálsdóttir, Guðni Geir Einarsson og Halldór V. Kristjánsson sátu fundinn.

Guðmundur Bjarnason, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### FUNDARGERÐ FRÁ FUNDI RÁÐGJAFARNEFNDAR

#### Fundargerð frá fundi 6. júní 2012

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 6. júní 2012. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

Vísað er til dagskrárlíðar í fundargerðinni um Notendastýrða persónulega aðstoð þar sem fram kemur að ráðgjafarnefndin hafi samþykkt tillögu að úthlutun framlags vegna kynningar- og fræðsluverkefnis um NPA að fjárhæð 9,7 m.kr. og tillögu að úthlutun framlags að fjárhæð 7,8 m.kr. til þróunar á starfsemi NPA miðstöðvarinnar og til að veita fræðslu og ráðgjöf í tengslum við gerð samninga um NPA á tímabilinu júní – október 2012.

Með tilvísun til ákvæða í 4. gr. nýrrar reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012, nr. 510/2012, var leitað umsagnar samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks um framangreindar tillögur ráðgjafarnefndarinnar.

Hvað tillögu ráðgjafarnefndar um úthlutun framlags vegna kynningar- og fræðsluverkefnis um NPA að fjárhæð 9,7 m.kr. varðar samþykkti samráðsnefndin að veita jákvæða umsögn um erindið og kæmi framlagið til greiðslu af ráðstöfunarfjármagni frá ríki vegna NPA verkefnisins.

Hvað tillögu ráðgjafarnefndar um úthlutun framlags til NPA miðstöðvarinnar að fjárhæð 7,8 m.kr. varðar samþykkti samráðsnefndin að veita jákvæða umsögn um erindið. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins óskaði eftir að gerð yrði bókun þar sem fram kæmi að hann væri andvígur því að framlagið yrði veitt. Framlagið kæmi til greiðslu af ráðstöfunarfjármagni frá ríki vegna breytingakostnaðar í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

Í kjölfar umsagna samráðsnefndar um framangreind erindi staðfesti ráðgjafarnefndin með tölvupósti, tillögu sína til ráðherra að úthlutun framangreindra framlaga.

### FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

#### Sveitarfélagið Skagafjörður, umsögn Eftirlitsnefndar

Á fundi ráðgjafarnefndar 20. apríl sl. var lögð fram til kynningar beiðni Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 18. apríl 2012 um aðkomu Jöfnunarsjóðs að úttekt á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að óskað væri eftir umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um beiðni sveitarfélagsins. Umsögn eftirlitsnefndarinnar um réttmæti aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhagslegri endurskipulagningu í sveitarfélaginu hafði borist og var lögð fram á fundinum.

Með tilvísun til umsagnar eftirlitsnefndarinnar og að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að verða við beiðni Sveitarfélagsins Skagafjarðar um framlag að fjárhæð allt að 6,0 m.kr. vegna heildarúttektar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, á grundvelli b- liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr.960/2010, enda sé ráð fyrir því gert að fyrir liggi vilji sveitarstjórnar til að hrinda í framkvæmd sem flestum af þeim tillögum sem fram koma til úrbóta á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Við tillögugerð að úthlutun framlagsins vék nefndarmaðurinn Bjarni Jónsson af fundi þegar fjallað var um tillögugerð að úthlutun framlags til Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

### **Bréf ÍLS v. málefna Bolungarvíkurkaupstaðar**

Á fundi ráðgjafarnefndar 6. júní sl. var lagt fram til kynningar bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til Íbúðalánasjóðs, dags. 25. apríl 2012. Í bréfinu gerir eftirlitsnefndin athugasemdir við afgreiðslu Íbúðalánasjóðs í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu í Bolungarvík.

Lagt var fram til kynningar bréf Íbúðalánasjóðs, dags. 4. júlí 2012, þar sem farið er yfir aðkomu sjóðsins að fjárhagslegri endurskipulagningu í Bolungarvíkurkaupstað á árunum 2008 og 2009.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að óskað væri eftir því að formaður Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og starfsmaður nefndarinnar væru boðaðir til fundar við nefndina í haust þar sem farið yrði betur yfir málefni Bolungarvíkurkaupstaðar og aðkomu ÍLS að fjárhagslegri endurskipulagningu í sveitarfélaginu og fjárhagsstöðu þeirra sveitarfélaga sem leitað hafa til eftirlitsnefndarinnar. Jafnframt lagði ráðgjafarnefndin til að tilkynnt yrði bréflaga til Íbúðalánasjóðs að málefni Bolungarvíkurkaupstaðar og umsögn Íbúðalánasjóðs hefðu verið til umfjöllunar á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.

### **FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA**

#### **Landshlutasamtök vegna samstarfsverkefna í tengslum við sóknaráætlanir landshluta Greinargerðir lagðar fram til kynningar**

Í tengslum við samþykktu tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs frá 27. október 2011 um úthlutun framlags að fjárhæð 25,0 m.kr. á árinu 2012 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtaka vegna samstarfsverkefna sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríkið samþykkti ráðgjafarnefndin á fundi sínum 6. júní sl. að óska eftir stuttri greinargerð frá landshlutasamtökum um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið verður að á árinu 2012. Jafnframt var óskað eftir sundurliðaðri kostnaðaráætlun þar að lútandi. Óskað var eftir að framangreindum gögnum væri skilað til Jöfnunarsjóðs eigi síðar en 15. júlí sl.

Á fundinum voru lagðar fram til kynningar þær greinargerðir sem borist höfðu. Þar sem greinargerðir höfðu ekki borist frá öllum landshlutasamtökum samþykkti ráðgjafarnefnd að fresta frekari umræðu til næsta fundar nefndarinnar þegar fyrir lægju upplýsingar frá öllum landshlutasamtökunum.

### **ÖNNUR FRAMLÖG**

#### **Ytra mat grunnskólans**

Lögð var fram til kynningar skýrsla Bjarkar Ólafsdóttur, verkefnisstjóra, frá júní 2012 um „Ytra mat grunnskólans.“ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykktu á síðasta ári að leggja fram fjármagn til verkefnisins sem hófst í janúar 2012 og lauk í júní sl. Um tilraunaverkefni var að ræða og kom framlag til greiðslu úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 6,7 m.kr. á grundvelli samnings þar um.

Fram kom á fundinum að tilraunaverkið hefði tekist mjög vel og að sögn Sambands íslenskra sveitarfélaga bíður það haustsins að taka frekari ákvarðanir um framhald verkefnisins.

### **ÖNNUR MÁL**

#### **Skerðing á framlögum til tekjuhárna sveitarfélaga**

Þann 1. janúar 2012 tók gildi reglugerð nr. 1171/2011 um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010. Með reglugerðinni var kveðið á um að skerða skuli framlög úr sjóðnum til þeirra sveitarfélaga er hafa mögulegar heildarskatttekjur 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna. Frá og með 1. janúar 2012 hefur skerðing framlaganna numið 50% en frá og með 1. janúar 2013 falla framlögin alveg niður. Breytingin

náði til framlaga tengdum yfirfærslu grunnskólans, framlags til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts og tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins.

Reglugerð nr. 1171/2011 var sett á grundvelli heimildar í 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4 frá 1995 með síðari breytingum en þar segir: *Ráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins. Jafnframt setur ráðherra reglugerðir um úthlutun framlaga samkvæmt einstökum ákvæðum þessa kafla (III kafla laganna) að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.*

Í tengslum við framkvæmd þessarar breytingar fóru fram viðræður milli sambandsins og ráðuneytisins um það álitamál hvort framangreint heimildarákvæði í 18. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga væri nægjanleg stoð fyrir breytingu á reglugerðinni nr. 960/2010 hvað framlög til reksturs grunnskólans varðar.

Með tilvísun til þessa var á fundinum tekin til umfjöllunar tillaga um að gerð yrði sú breyting á reglugerðinni nr. 1171/2011 að framlögin í tengslum við yfirfærslu grunnskólans yrðu undanþegin framangreindri skerðingu þar til breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga hefði farið fram sem tryggði skýra lagastoð fyrir skerðingu framlaga til tekjuhárna sveitarfélaga, sbr. minnisblað til ráðherra, dags. 12. júlí 2012 sem lagt var fram til kynningar á fundinum.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin framangreinda breytingu á reglugerðinni hvað varðar afnám skerðingar á framlögum í tengslum við yfirfærslu grunnskólans á árinu 2012. Jafnframt samþykkti nefndin tillögu um að á árinu 2013 yrði um fulla skerðingu að ræða á framlögum til rekstrar grunnskólans eins og á öðrum framlögum, sbr. hér að framan.

Fram kom á fundinum að hafin væri vinna í ráðuneytinu við gerð frumvarps sem tryggði skýra lagastoð fyrir skerðingu framlaga til tekjuhárna sveitarfélaga. Vonast væri til að frumvarpið yrði að lögum fyrir áramótin.

### **Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga – Tímabundin breyting**

Lagt var fram til kynningar bréf innanríkisráðuneytisins til Árna Rúnars Þorvaldssonar, bæjarfulltrúa í Sveitarfélaginu Hornafirði, dags. 17. júlí 2012.

Í bréfinu óskar ráðuneytið eftir því að Árni, sem tilnefndur var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem varamaður Hermanns Jón Tómassonar, bæjarfulltrúa í Akureyrarkaupstað í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs fram að sveitarstjórnarkosningum 2014, taki sæti Hermanns í nefndinni frá ágúst 2012 til júní 2013 vegna námsdvalar hans erlendis.

### **Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Ráðgjafarnefnd samþykkti tillögu um að ársfundur Jöfnunarsjóðs verði haldinn 26. september kl. 16:00 á Hótel Nordica í tengslum við fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Formanni ráðgjafarnefndar og forstöðumanni sjóðsins var falið að gera tillögu að dagskrá ársfundarins sem lögð yrði fram til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 12:00.

Næsti fundur nefndarinnar verður í byrjun september og verður hann boðaður sérstaklega.

Halldór V. Kristjánsson